

## Efnisyfirlit

Megin reglur IPMA vottunar - IPMA Principles of Certification.....	2
KRÖFUR TIL UMSÆKJENDA - <b>APPLICANTS REQUIREMENTS</b> .....	2
LEIÐBEININGAR UM UMSÓKN - <b>APPLICATION GUIDELINES</b> .....	6
Lykilhugtök ICB4 .....	9
STARFSFERILSSKRÁ - <b>CURRICULUM VITAE GUIDELINES</b> .....	10
LEIÐBEININGAR UM GERÐ SJÁLFSMATS - <b>GUIDELINES FOR SELF ASSESSMENT</b> .....	11
LEIÐBEININGAR UM YFIRLIT VERKEFNA - <b>GUIDELINES FOR EXPERIENCE</b> .....	12
LEIÐBEININGAR VEGNA MATS Á FLÆKJUSTIGI VERKEFNA .....	15
<b>GUIDELINES FOR ASSESSING PROJECT COMPLEXITY</b> .....	15
VERKEFNASKÝRSLA – <b>PROJECT REPORT</b> .....	16
ENDURGJÖF UM VOTTUNARFERLIÐ – <b>APPLICANTS FEEDBACK</b> .....	19

## ICB 4 Handbók umsækjenda – Applicants handbook

---

### Megin reglur IPMA vottunar - IPMA Principles of Certification

Reglur IPMA geta ekki tekið á öllum tilvikum sem upp kunna að koma. Megin reglur sem fylgt er í vottunarferlinu eru að vottun skal vera:

- sanngjarnt og staðlað ferli þar sem allir umsækjendur fá jafna meðhöndlun;
- sanngjörn, aðeins er beðið um sannanir fyrir hæfni sem á að meta;
- áreiðanleg og samræmd, þannig að hver umsækjandi fái sömu matsniðurstöðu óháð matsmanni og allir matsmenn beiti sömu reglum við mat á umsækjendum;
- byggð á fyrirliggjandi nýjum gögnum um það vottunarstig sem sótt er;
- byggð á nægilegum sönnunar gögnum þannig að dómur matsmanns séu byggður á traustum grunni;
- byggð á réttum gögnum sem sannreyna má að séu gögn umsækjanda;
- nákvæm, þar sem mismunandi mats aðferðum er beitt í vottunarferlinu; og
- gagnsæ, þannig að umsækjandi sé meðvitaður um allt matsferlið, kostnað og þeim aðferðum sem matsmenn beita við matið.

VSF ber að tryggja að vottunarferlið sé í samræmi við megin reglur IPMA um vottun. Í tilfellum þar ágreiningur er um megin reglur, ber VSF að jafna ágreininginn og tryggja samræmi við vottunarreglur IPMA (IPMA ICR4)

## KRÖFUR TIL UMSÆKJENDA - APPLICANTS REQUIREMENTS

### Hvað er IPMA vottun B-stig?

IPMA vottun samkvæmt stigi B er staðfesting á hæfni og fenginni reynslu umsækjandans. Tekið er mið af þeirri reynslu sem umsækjandinn hefur aflað sér og stuðst við skriflegt próf (3 klst) sem umsækjandi situr og mat á verkefnum sem hann hefur unnið við og borið ábyrgð á sem verkefnisstjóri.

### Hverjir geta fengið vottun samkvæmt B-stigi?

Reyndir verkefnastjórar á öllum sviðum atvinnulífsins geta sótt um, svo framarlega að þeir uppfylli neðan greind skilyrði.

Skilyrði til umsóknar eru þau að umsækjandi:

- hafi að minnsta kosti fimm ára reynslu af verkefnastjórnun
- hafi þar af reynslu sem verkefnisstjóri á umfangsmiklum (stórum og þverfaglegum) sem nemur þremur árum
- er ábyrgur fyrir flestum/öllum mælikvörðum verkefnisins og öllum þáttum verkefnisstjórnunar í umfangsmiklu verkefni
- sé í almennu stjórnunarhlutverki í stórum verkefnishópum og leiði stjórnendur undirverkefna
- beiti viðeigandi ferlum, aðferðafræði, tækni og tækjum verkefnastjórnunar

Skilgreining á stórum og þverfaglegum verkefnum:

- mörg tengd stjórnstig og verkþættir koma að verkefninu
- nokkur fyrirtæki eða stjórnunarlegar einingar eru þátttakendur

## ICB 4 Handbók umsækjenda – Applicants handbook

---

- nokkur mismunandi fagsvið
- nokkrir mismunandi áfangar innan verkefnis
- margir þættir úr aðferðafræði verkefnastjórnunar nauðsynlegir

Matsmenn meta umsóknargögn, próf, verkefnisskýrslu og taka viðtal við umsækjanda. Á grundvelli umsóknargagna geta matsmenn mælt með því að umsækjandi á B-stigi sækir frekar um C-stig eða D-stig.

Prófið er á íslensku. Hægt er að þreya prófið á ensku - er umsækjandi beðinn um að taka það fram sérstaklega strax við umsókn ef þess er óskað.

Gildistími vottunar er 5 ár. Sækja verður um endurvottun innan 6 mánaða frá lokum gildistíma.

Umsækjanda gefast 18 mánuðir frá samþykkt umsóknar til þess að klára vottunarferlið.

## ICB 4 Handbók umsækjenda – Applicants handbook

---

### Hvað er IPMA vottun C-stig?

IPMA vottun samkvæmt stigi C er staðfesting á hæfni og fenginni reynslu umsækjandans. Tekið er mið af þeirri reynslu sem umsækjandinn hefur aflað sér og stuðst við skriflegt próf (1,5 klst) sem umsækjandi situr og mat á verkefnum sem hann hefur unnið við og borið ábyrgð á sem verkefnisstjóri.

### Hverjir geta fengið vottun samkvæmt C-stigi?

Reyndir verkefnastjórar á öllum sviðum atvinnulífsins geta sótt um, svo framarlega að þeir uppfylli neðan greind skilyrði:

Skilyrði til umsóknar eru að umsækjandi:

- hafi a.m.k. 3ja ára reynslu af verkefnastjórn í minni verkefnum og/eða 3ja ára reynslu í ábyrgðarstöðu í stærri verkefnum (ábyrgðarstaða getur falið í sér ábyrgð á tilteknum verkþætti í stóru þverfaglegu verkefni).
- er ábyrgur fyrir stjórnun allra þátta umfangsminni verkefna (takmarkað flækjustig) og öllum mælikvörðum þeirra, og/eða fyrir stjórnun undirverkefnis í umfangsmiklu verkefni
- stýrir fámennum verkþópum
- beitir almennum ferlum verkefnisstjórnunar, aðferðafræði, tækni og tækjum

Einkenni minni verkefna eru:

- Verkefnin eru oft unnin að mestu innanhúss, þó verkkaupinn sé gjarnan utan fyrirtækisins, eða verkefni með t.d. 5 þátttakendum.

Matsmaður metur umsóknargögn, próf og tekur viðtal við umsækjanda. Á grundvelli umsóknargagna geta matsmenn mælt með því að umsækjandi á C-stigi sækji frekar um D-stig.

Prófið er á íslensku. Hægt er að þreyta prófið á ensku - er umsækjandi beðinn um að taka það fram sérstaklega strax við umsókn ef þess er óskað.

Gildistími vottunar er 5 ár. Sækja verður um endurvottun innan 6 mánaða frá lokum gildistíma.

Umsækjanda gefast 18 mánuðir frá samþykkt umsóknar til þess að klára vottunarferlið.

**Hvað er IPMA vottun D-stig?**

IPMA vottun samkvæmt stigi D er staðfesting á þekkingu umsækjandans á sviði aðferðafræði verkefnisstjórnunar. Umsækjandi situr tvískipt 3ja tíma próf, þar sem annars vegar er krosspróf og hins vegar ritgerðaspurningar og verkefni til úrlausnar.

Gildistími vottunar er 5 ár. Sækja verður um endurvottun innan 6 mánaða frá lokum gildistíma.

**Hverjir geta fengið vottun samkvæmt D-stigi?**

D-stig vottun krefst víðtækrar þekkingar á aðferðafræði verkefnastjórnunar, en minni áhersla er lögð á reynslu viðkomandi af verkefnastjórnun.

Umsækjandi um D vottun:

- kann að hafa sérþekkingu á tilteknu sviði
- getur starfað sem þátttakandi í verkþóp eða sem starfsmaður í verkefnastjórnun
- hefur breiða þekkingu á aðferðafræði verkefnastjórnunar og getu til að beita henni

Prófið er á íslensku. Hægt er að þreyta prófið á ensku - er umsækjandi beðinn um að taka það fram sérstaklega strax við umsókn ef þess er óskað.

Umsækjanda gefast 18 mánuðir frá samþykkt umsóknar til þess að klára vottunarferlið.


**ICB 4 Handbók umsækjenda – Applicants handbook****LEIÐBEININGAR UM UMSÓKN - APPLICATION GUIDELINES****ÞAÐ ER GOTT FYRIR UMSÆKJANDA AÐ HAGA Í HUGA AÐ TÖLUVERÐ VINNA  
GETUR FALIST Í GERÐ UMSÓKNARGAGNA**

Þessar leiðbeiningar miðast við 4. útgáfu af Grunnviðmiðum um hæfni verkefnastjóra (ICB4). Útgáfan er bæði aðgengileg á íslensku og ensku.

ICB 4 er flokkuð í viðfangssvið (e. domain, þ.e. verkefni, verkefnaskrá og verkefnastofn)

Hvert viðfangssvið hefur 3 hæfnissvið (Competence Area, (Eye of Competence)). Hæfnissviðin eru Samhengi (Perspective), Fólk (People) og Aðferðir (Practice)

Undir hæfnissviðunum þremur eru alls 28 hæfnisþættir (Competence elements). Hver hæfnisþáttur getur haft mismunandi fjölda lykilhæfnisvísa (Key Competence Indicators).



## ICB 4 Handbók umsækjenda – Applicants handbook

---

### Umsókn um vottun samkvæmt B-stigi þurfa að fylgja eftirfarandi gögn:

- [Umsóknareyðublað](#)
- [Æviágrip](#) (CV) með mynd - athugið að umsókn er ekki gild nema að mynd fylgi með.
  - Menntun/reynsla í verkefnastjórnun - mikilvægt er að lýsa þeirri reynslu sem umsækjandi hefur nú þegar aflað sér í verkefnastjórnun, þ.e. listi yfir helstu verkefni sem umsækjandi hefur verið þátttakandi í, auk yfirlits yfir menntun og fræðslu sem umsækjandi hefur sótt, eða hefur stýrt. Einnig er gott að nefna greinarskrif og/eða kynningar á verkefnastjórnun sem umsækjandi hefur átt þátt að.
- [Yfirlit yfir verkefni](#) uppsöfnuð 5 ára reynsla á síðastliðnum 8 árum: hvaða hlutverki hann gegndi hverju sinni og helstu einkennum verkefnisins. Krafist er 3ja ára reynslu af verkefnum sem teljast til B-stigs verkefna.
- [Nánari lýsing verkefna](#): Yfirlit yfir helstu verkefni, uppsöfnuð þriggja ára reynsla (u.þ.b. 1 bls. hvert), hlutverk viðkomandi í hverju verkefni og helstu upplýsingar um umfang þeirra (manntímar, hagsmunaaðilar, fjöldi þátttakenda) og lærdóm sem draga má af þeim
- [Mat á flækjustigi/umfangi](#): Umsækjandi skal meta flækjustig þeirra verkefna sem framlögð eru sem sönnun á reynslu: Flækjustig verkefna verður að uppfylla lágmarkskröfur, en Excel forritið sem umsækjandi notar við að meta reynslu sína reiknar út stig umsækjandans. Á B stigi er lágmarkskrafa 25 stig.
- [Sjálfsmatsblað](#). Sjálfsmatið ber að fylla út með hliðsjón af Grunnviðmiðum um hæfni verkefnastjóra. Umsækjandi metur þekkingu, leikni og færni sína á öllum hæfnisþáttum Grunnviðmiðanna. Umsækjandi getur búist við því að þurfa að sýna fram á á skýran og sannfærandi hátt að mat hans standist.
- [Útdráttur úr verkefnaskýrslu](#) Umsækjandi skal leggja fram útdrátt úr skýrslu (1-3 blaðsíður, ásamt viðaukum með skipuriti og tímaáætlun). Útdrátturinn skal lýsa verkefninu, verkefnastofninum eða verkefnaskránni sem umsækjandi ætlar að leggja fram til umsagnar í skýrslu og hlutverki hans innan verkefnisins, verkefnastofnsins eða verkefnaskrárinnar

## ICB 4 Handbók umsækjenda – Applicants handbook

---

### Umsókn um vottun samkvæmt C-stigi þurfa að fylgja eftirfarandi gögn:

- [Umsóknareyðublað](#)
- [Æviágrip](#) (CV) með mynd - athugið að umsókn er ekki gild nema að mynd fylgi með
  - Menntun/reynsla í verkefnastjórnun - mikilvægt er að lýsa þeirri reynslu sem umsækjandi hefur nú þegar aflað sér í verkefnastjórnun, þ.e. lista upp þau verkefni sem hann hefur unnið við og sýni fram á a.m.k. 3ja ára uppsafnaða reynslu á sl. 8 árum og hvaða hlutverki hann gegndi hverju sinni, auk yfirliti yfir menntun og fræðslu sem umsækjandi hefur sótt, eða hefur stýrt. Einnig er gott að nefna greinarskrif og/eða kynningar á verkefnastjórnun sem umsækjandi hefur átt þátt að
- [Yfirlit yfir verkefni](#) sem sýni 3ja ára uppsafnaða reynslu: hvaða hlutverki hann gegndi hverju sinni og helstu einkennum verkefnisins.
- [Nánari lýsing verkefna](#): Samantekt úr 3 verkefnum sem umsækjandi hefur unnið að (u.þ.b. 1 bls. um hvert verkefni), hlutverk viðkomandi í hverju verkefni og helstu upplýsingar um umfang þeirra (manntímar, hagsmunaaðilar, fjöldi þátttakenda) og lærdóm sem draga má af þeim.
- [Mat á flækjustigi/umfangi](#): Umsækjandi skal meta flækjustig þeirra verkefna sem framlögð eru sem sönnun á reynslu: Flækjustig verkefna verður að uppfylla lágmarkskröfur, en Excel forritið sem umsækjandi notar við að meta reynslu sína reiknar út stig umsækjandans. Á C stigi er lágmarkskrafa 16 stig.
- [Sjálfsmatsblað](#). Sjálfsmatið ber að fylla út með hliðsjón af Grunnviðmiðum um hæfni verkefnastjóra. Umsækjandi metur þekkingu, leikni og færni sína á öllum hæfnisþáttum Grunnviðmiðanna. Umsækjandi getur búist við því að þurfa að sýna fram á á skýran og sannfærandi hátt að mat hans standist.

### Umsókn um vottun samkvæmt D-stigi þurfa að fylgja eftirfarandi gögn:

- [Umsóknareyðublað](#)
- [Æviágrip](#) (CV) - stutt yfirlit með mynd - athugið að umsókn er ekki gild nema að mynd fylgi með
- [Sjálfsmatsblað](#). Sjálfsmatið ber að fylla út með hliðsjón af Grunnviðmiðum IPMA um hæfni verkefnastjóra.

Umsóknir skulu berast á rafrænu formi á netfangið [vottun@vsf.is](mailto:vottun@vsf.is).

Helst sem .pdf skjal



## ICB 4 Handbók umsækjenda – Applicants handbook

### Lykilhugtök ICB4

Lykilhugtök úr ICB4	
Enska	Íslenska
(IPMA) Individual Competence Baseline for Project, Programme and Portfolio Management	Grunnviðmið (IPMA) um hæfni verkefnastjóra
Domain	Viðfangssvið
Competence area	Hæfnisvið
Competence element	Hæfniþáttur
Perspective (competences)	Samhengi, Hæfnisviðið samhengi
People (competences)	Fólk, Hæfnisviðið fólk
Practice (competences)	Aðferðir, Hæfnisviðið aðferðir
Key Competence Indicators (KCI)	Lykilhæfnivísar
Measures	Leiðir
Skills	Leikni
Ability	Færni
Project	Verkefni
Portfolio	Verkefnaskrá
Programme	Verkefnastofn
<b>HÆFNIÞÆTTIR ICB4</b>	
<b>SAMHENGI (Perspective)</b>	
Strategy	Stefna
Governance, structures and processes	Stjórnskipulag og ferlar
Compliance, standards and regulations	Framfylgd, staðlar og reglugerðir
Power and interest	Áhrif og hagsmunir
Culture and values	Menning og gildi
<b>FÓLK (People)</b>	
Self-reflection and self-management	Sjálfsrýni og sjálfstjórn
Personal integrity and reliability	Persónuleg heilindi og áreiðanleiki
Personal communication	Samskipti
Relationships and engagement	Tengslamyndun og skuldbinding
Leadership	Forysta
Teamwork	Teymisvinna
Conflict and crisis	Ágreiningur og krísur
Resourcefulness	Útsjónarsemi
Negotiation	Samningatækni
Result orientation	Árangursmiðun

**ICB 4 Handbók umsækjenda – Applicants handbook**

AÐFERÐIR (Practice)	
Design / Project Design	Hönnun verkefnis
Requirements, objectives and benefits	Kröfur og markmið
Scope	Umfang
Time	Tími
Organisation and information	Skipulag og upplýsingar
Quality	Gæði
Finance	Fjármál
Resources	Aðföng
Procurement and partnership	Innkaup
Plan and control	Áætlanir og stýring
Risk and opportunities	Áhætta og tækifæri
Stakeholders	Hagsmunaaðilar
Change and transformation	Breytingar

**STARFSFERILSSKRÁ - CURRICULUM VITAE GUIDELINES**

Auk hefðbundinna upplýsinga í æviágripi, skal lögð áhersla á reynslu umsækjanda. Er þá sérstaklega verið að falast eftir upplýsingum er varða þátttöku umsækjanda í verkefnum og hlutverki innan verkþópsins.

Eftirfarandi þættir eru leiðbeinandi um gerð æviágrips, en ekki endanlegir:

**Persónulegar upplýsingar**

- Nafn
- Heimilisfang
- Símar/tölvupóstur
- Fæðingardagur og fæðingarstaður
- Mynd af umsækjanda

**Menntun**

- Skólaganga
- Önnur menntun - þá sérstaklega er viðkemur verkefnastjórnun
- Tungumálakunnátta

**Atvinna og reynsla**

- Núverandi staða
- Fyrri vinna
- Helstu verkefni sem unnið hefur verið að - upptalning - umsóknnum vegna C og B stigs þurfa enn fremur að fylgja ítarlegri upplýsingar um reynslu umsækjanda af verkefnavinnu og stjórnun verkefna – sjá yfirlit yfir verkefni.
- Önnur reynsla

**Ýmislegt**

- Greinar og kynningar um verkefnastjórnun sem umsækjandi hefur samið og flutt
- Félagsstörf

Umsækjendum er ekki skylt að nota eyðublaðið sem finna má meðal umsóknargagna og geta því sett fram upplýsingarnar á annan hátt, svo lengi sem sambærilegar upplýsingar eru veittar.

**ICB 4 Handbók umsækjenda – Applicants handbook****LEIÐBEININGAR UM GERÐ SJÁLFSMATS - GUIDELINES FOR SELF ASSESSMENT**

Umsækjendum um vottun skv. B-, C- og D-stigi ber að skila inn Sjálfsmati með umsóknum sínum. Sjálfsmatið byggir á hæfnisþáttum Grunnviðmiða um hæfni verkefnastjóra, en þar er að finna skilgreiningar á þeim hugtökum sem notuð eru í eyðublaðinu. Mikilvægt er því að umsækjandi hafi kynnt sér hæfnisþættina og hafi ritið til hliðsjónar við útfyllingu sjálfsmatsblaðsins.

Sjálfsmatið er tvíþætt: annars vegar skal meta þekkingu og gildir það fyrir öll vottunarstig og hins vegar skal meta leikni og færni, en eingöngu fyrir umsækjendur um B og C stig.

Mat á þekkingu felur m.a. í sér mat á því hversu vel umsækjandi getur lýst viðkomandi hæfnisþætti hvað einkennir hana og hvernig og við hvaða aðstæður henni er beitt, þ.e. lykilhæfnisvísunum.

Mat á færni/ reynslu felur m.a. í sér mat á því hversu mikla reynslu umsækjandi hefur af því að beita viðkomandi aðferðafræði og/eða reynslu af því að stýra verkefnum þar sem reynt hefur á þennan þátt verkefnastjórnunar.

Sjálfsmatið hefur þann tilgang að gera umsækjanda kleift að meta eigin þekkingu og reynslu á sviði verkefnastjórnunar. Við útfyllingu eyðublaðsins skal hafa í huga töflurnar hér fyrir neðan.

Sjálfsmatið er gert í Excel töflu og eru eftirfarandi upplýsingar fremsta vinnublaðið í forritinu (Leiðbeiningar)

1. Almennar upplýsingar	
<b>Spurningar eða vandamál?</b>	Ef þú hefur spurningar eða vandamál hafðu þá samband við: <a href="mailto:vottun@vsf.is">vottun@vsf.is</a>

2. Leiðbeiningar	
<b>Stig A, B, C</b>	Fyllið út báða dálkana: Þekking ( <b>Knowledge</b> ) og leikni ( <b>Skills</b> ) og færni ( <b>Ability</b> ).
<b>Stig D</b>	Fyllið aðeins út dálkinn Þekking
<b>Nafn og stig</b>	Nafn og stig sem sótt er um er (B, C eða D) er fyllt út í haus blaðsins.
<b>Viðfangssvið</b>	Notið felligluggann til þess að velja viðfangssvið sem sótt er um; verkefni, verkefnastofn eða verkefnaskrá.
<b>Stig</b>	Ljósbleiki reiturinn fyrir neðan nafnið er fullyrðing sem lýsir viðmiði sjálfsmats. T.d. er viðmiðið fyrir viðfangssviðið verkefni á B stigi:  "Ég get á skýran og sannfærandi hátt sýnt fram á leikni og færni fyrir þennan hæfnisþátt í verkefni með fullnægjandi flækjustigi skv. því stigi sem sótt er um."

**ICB 4 Handbók umsækjenda – Applicants handbook**

	Þessari fullyrðingu á að svara með einum af þremur möguleikum: 1 ef svarið er "nei" eða "ólíklegt" 2 ef svarið er "hugsanlega" eða "líklega" 3 ef svarið er "mjög líklegt" eða "örugglega"
<b>Sönnunargögn</b>	"Skýrt og sannfærandi" þýðir að sönnunin er: • Verulega líklegri til að vera sönn en ekki sönn • Svo skýr að enginn vafi leikur á • Nægilega sterk til að vera sannfærandi Sönnunargögn geta verið skrifleg (prófskírteini, áætlanir, skýrslur) eða munnleg (viðtöl)
<b>Skýringar og athugasemdir fyrir umsækjanda</b>	Dálkurinn Skýringar og athugasemdir fyrir umsækjanda er oft notaður til þess að skrá minnisatriði eða heimildir. Hann má vera auður.

Niðurstöður sjálfsmatsins eru hluti þeirra gagna sem lögð eru til grundvallar við mat á hæfni viðkomandi umsækjanda til þess að fara í vottun, auk þess sem að matsmenn hafa sjálfsmatið til hliðsjónar í viðtölum vegna B- og C-stigs.

## LEIÐBEININGAR UM YFIRLIT VERKEFNA - GUIDELINES FOR EXPERIENCE

### Yfirlit yfir helstu verkefni

Umsóknum fyrir B- og C-stig vottunar verða að fylgja tvenns konar yfirlit yfir verkefni. Annars vegar helstu verkefni sem umsækjandi hefur komið að á tilteknu árabili og hins vegar nánari lýsing á völdum verkefnum.

Í yfirliti yfir helstu verkefni, þar sem umsækjandi hefur verið þátttakandi, skulu koma fram upplýsingar um hlutverk hans í verkefnunum (t.d. hvort hann var verkefnisstjóri, sat í stýrihópi, eða hafði annað hlutverk) og stutt lýsing á verkefnunum.

Vegna umsóknar skv. B-stigi er gerð krafa um að yfirlitið sýni fram á a.m.k. 5 ára reynslu, þar af þurfa 3 ár að vera vinna við verkefnastjórnun verkefna sem teljast B stigs verkefni.

Vegna umsóknar skv. C-stigi er gerð krafa um að yfirlitið sýni a.m.k. fram á 3ja ára reynslu.

Nýta má reynslu síðustu átta ára til þess að sýna fram á umbeðna reynslu. Í undantekningar tilfellum má fara 12 á aftur í tímann.

300207

vsf / Verkefnastjórnunarfélag  
Íslands

## Umsókn um vottun / Certification application

## Yfirlit yfir helstu verkefni:

Umsækjendur um B stig þurfa að sýna fram á fimm ára reynslu á sl. átta árum, þar af þriggja ára reynslu við stjórnun verkefna sem teljast B stig verkefni.

Umsækjendur um C stig þurfa að sýna fram á þriggja ára reynslu á sl. átta árum.

Heiti verkefnis:					
Afurð	Ræs	Verklök	Fjöldi þátttak.	% af vinnu	Kostnaður
Stutt almenn lýsing (flækjustig, umfang, hlutverk umsækjanda og lærdómur)					

Heiti verkefnis:					
Afurð	Ræs	Verklök	Fjöldi þátttak.	% af vinnu	Kostnaður
Stutt almenn lýsing (flækjustig, umfang, hlutverk umsækjanda og lærdómur)					

## Nánari lýsing á verkefnum

Umsókn skv. B-stigi skal fylgja nánari lýsing á þeim verkefnum sem umsækjandi hefur verið verkefnisstjóri yfir. Sýna þarf fram á 3ja ára reynslu af stjórnun B-stigs verkefna. Hér skal eingöngu lýsa þeim verkefnum sem eru að umfangi vottunarhæf skv. B- stigi - þ.e. stórum / flóknum verkefnum.

Umsækjandi um B stigs vottun skal einnig leggja fram útdrátt úr skýrslu, 1-3 blaðsíður, ásamt viðaukum með skipuriti og tímaáætlun. Útdrátturinn skal lýsa verkefninu, verkefnastofninum eða verkefnaskránni sem umsækjandi ætlar að leggja fram til umsagnar í skýrslu og hlutverki hans innan verkefnisins, verkefnastofnsins eða verkefnaskrárinnar.

Umsókn skv. C-stigi skal fylgja nánari lýsing á að minnsta kosti þremur nýlegum verkefnum sem umsækjandi hefur verið verkefnastjóri yfir.

## ICB 4 Handbók umsækjenda – Applicants handbook

<b>Heiti verkefnis nr. 1:</b>
Verktími (hvenær hófst verkefnið og hvenær lauk því, var unnið í því samfelld og hve margir tóku þátt)
Verkkaupi, verksali, (hverjir eru það og hvaða hagsmunum hafa þeir í verkefninu)
Markmið verkefnis (hver voru markmiðin og hvernig voru þau uppfyllt)
Almenn lýsing ( flækjustig, umfang, hagsmunasðilar, verkisfangadeiling, kostnaður, afurð verkefnis)
Hlutverk umsækjanda í verkefninu (hvert var ábyrgðarsvið og hvernig tókst til)
Áunnin reynsla (hvaða lærdóm má draga af verkefninu)

Eins og sést á eyðublaðinu hér fyrir ofan er beðið um eftirfarandi upplýsingar:

- Heiti verkefnis
- Verktíma (ræs og lok og fjölda mánuða) og stærð verkteymis
- Verkkaupi og verksali
- Markmið verkefnis og hvernig þau voru uppfyllt
- Stutt almenn lýsing á verkefninu, t.d. hagsmunaaðilar, umfang/stærð og afurðir þess
- Hlutverk umsækjanda í verkefninu (sem ætti hér í öllum tilfellum að vera verkefnisstjóri) og nánari lýsing á stöðu hans og ábyrgð innan verkefnis, auk umfjöllunar um hvernig tókst til.
- Áunnin reynsla umsækjanda af stjórnun viðkomandi verkefnis - þ.e. helstu þættir sem má læra af, jafnt jákvæðir sem neikvæðir.

## ICB 4 Handbók umsækjenda – Applicants handbook

---

### LEIÐBEININGAR VEGNA MATS Á FLÆKJUSTIGI VERKEFNA GUIDELINES FOR ASSESSING PROJECT COMPLEXITY

Mörkin á milli vottunar skv. B-stigi, vottunar skv. C-stigi og vottunar skv. D-stigi liggja m.a. í flækjustigi/umfangi þeirra verkefna sem umsækjandi hefur reynslu af að stýra.

Umsækjendur um D stig þurfa ekki að skila mati á flækjustigi með umsókn sinni.

Ein leið til að nálgast mat á umfangi / flækjustigi er að leggja nokkurs konar tölfraðilegt mat á verkefni. Hvert verkefni fyrir sig er þá skoðað með hliðsjón af því hversu flókið það reyndist í stjórnunarlegu tilliti.

Eftirfarandi er dæmi um stjórnunarlega þætti, sem hægt er að hafa til viðmiðunar (en að sjálfsögðu geta verkefni verið örlítið mismunandi hvað þetta varðar).

- Markmið og árangursmat (Output-related complexity)
- Ferlar, aðferðir, tæki og tækni (Process-related complexity)
- Aðföng, fjármál (Input-related complexity)
- Áhætta og tækifæri (Risk-related complexity)
- Hagsmunaaðilar og samþætting (Strategy-related complexity)
- Skipulag (Organizational-related complexity)
- Menningarlegt og félagslegt umhverfi (Socio-related complexity)
- Leiðtogaþæfileikar, teymisvinna ((team-related complexity)
- Nýsköpun (Innovation-related complexity)
- Sjálfstæði (Autonomy-related complexity)

Hverju verkefni er þá gefin einkunn fyrir hvern af þessum 10 stjórnunarþáttum (hverjum þætti fylgja mismargir undirliðir sem einkunnin verður að taka mið af). Einkunnin skal vera á bilinu 4 (mjög hátt flækjustig) til 1 (mjög lágt flækjustig). Hægt er að færa stutt rök fyrir þessu mati í dálkinum athugasemdir og útskýringar.

Í Excel skjalinu Mat á flækjustigi reiknast meðalstig sjálfvirkt. Umsækjandi getur jafnframt gefið sér stig sjálfur ef hann er ósammála útreikningi forritsins. Þumalputtareglan er þá eftirfarandi:

**B-stig:** Heildareinkunn er 25 eða hærri

**C-stig:** Heildareinkunn er 16 eða hærri

Þetta form er bæði notað af umsækjendum og matsmönnum við mat á flækjustigi.

Nánari leiðbeiningar eru í Excel forritinu sem umsækjandi notar við mat á flækjustigi.

## ICB 4 Handbók umsækjenda – Applicants handbook

---

### VERKEFNASKÝRSLA – PROJECT REPORT

Verkefnaskýrslan skal vera skráning/lýsing á verkefni sem hefur verið stýrt af umsækjanda. Umsækjendur um B-stig skulu skrifa skýrslu um 1 valið verkefni, umsækjendur um C-stig skulu skrifa eina skýrslu um 3 verkefni. Verkefnisskýrsluna skal tengja hæfnisþáttum Grunnviðmiða um hæfni verkefnastjóra (ICB 4).

Skýrslan á að staðfesta hæfni umsækjanda, þekkingu og reynslu af aðferðafræði verkefnastjórnunar, auk þess sem að hún á að greina frá því hvaða lærdóm má draga af viðkomandi verkefni. Hún á að lýsa beitingu á hæfni í verkefnastjórnun í raunverulegu verkefni, verkefnastofni eða verkefnisskrá.

Hæfileikinn til að skrifa, kynna og rökstyðja slíka skýrslu er í sjálfu sér einn mælikvarðanna við að meta hæfni verkefnastjóra.

Skýrslunni er skilað þegar umsækjandi hefur staðist próf.

#### Uppbygging skýrslu

Verkefnisskýrslan á að byggja á verkefni(um) sem umsækjandinn stýrði. Að lágmarki skal skýrslan spegla eftirfarandi:

- Hlutverk, verksvið og ábyrgð umsækjanda
- Bakgrunn og forsendur (tegund og umfang verkefnis, viðskiptavini þess og aðra mikilvæga hagsmunaaðila, aðföng og flækjustig, o.s.frv.)
- Markmið verkefnis og árangur sem náðist
- Skipulag verkefnis
- Yfirlit yfir verkferla / aðferðir við verkefnastjórnun
- 
- Einkennandi þættir verkefnis
- Niðurstöður/árangur verkefnis eða hvers verkáfanga

Umsækjendur eru beðnir að fjalla ítarlega um eftirfarandi:

- Stjórnun og forysta. Krefjandi stjórnunarlegir þættir
- Hvernig tekið var á málum og íhugun um árangur þess
- Greining á verkefninu og hvaða lærdóm má draga af því.

Til viðbótar ofangreindu leggja matsmenn áherslu á hvernig greina má hæfni til verkefnastjórnunar út frá framkvæmd verkefnisins. Litið er á tengsl markmiða verkefnisins og samsetningu hópsins sem vann það, og eðli verkefnisins. Þáttur umsækjanda í verkefninu og sérkenni verkefnisins ættu að vera skýr. Í matinu er einnig lögð áhersla á viðleitni umsækjanda til að læra af og deila reynslu sinni.

Það getur verið gagnlegt að hafa STAR-aðferðina til hliðsjónar þegar fjallað er um hæfniþættina í skýrslunni. STAR-aðferðin er viðtalstækni sem leggur áherslu á að greina hæfni og hegðun einstaklings við tilteknar aðstæður. STAR stendur fyrir ensku hugtökin *Situation* (Aðstæður), *Target/task* (Markmið/verkpáttur), *Action* (Aðgerð) og *Result* (Niðurstaða).



## ICB 4 Handbók umsækjenda – Applicants handbook

---

### Útlit og umfang verkefnisskýrslu á B-stigi

Umsækjandi skal hafa eftirfarandi til hliðsjónar við gerð skýrslunnar:

1. Skýrslan skal fjalla um eitt valið verkefni
2. Alls þarf að vera skírskotun til 80% hæfnisþátta í skýrslunni.
3. Skýrslan skal ekki vera lengri en 25 blaðsíður miðað við 11 punkta leturstærð. Bæta má við 15 bls. viðaukum. Innihald viðaukanna verður að vís til efnis skýrslunnar.
4. Megin áherslan á að vera á hlutverk umsækjanda sem verkefnisstjóra í verkefninu – ekki á einstök efnisleg atriði verkefnisins.

Rafrænt eintak af skýrslunni er sent á netfangið [vottun@vsf.is](mailto:vottun@vsf.is)

### Tenging við Grunnviðmið IPMA

Skýrslan þarf að fjalla um 80% hæfnisþáttanna:

### Útlit og umfang verkefnisskýrslu á C-stigi

Umsækjandi skal hafa eftirfarandi til hliðsjónar við gerð skýrslunnar:

1. Skýrslan skal fjalla um þrjú verkefni
2. Alls þarf að vera skírskotun til 80% hæfnisþátta í skýrslunni.
3. Skýrslan skal ekki vera lengri en 15 blaðsíður miðað við 11 punkta leturstærð. Bæta má við 10 bls. viðaukum. Innihald viðaukanna verður að vísa til efnis skýrslunnar.
4. Megin áherslan á að vera á hlutverk umsækjanda sem verkefnisstjóra í verkefninu – ekki á einstök efnisleg atriði verkefnisins.

### Viðtöl vegna B og C stigs vottunar

Lokaáfangi vottunarferilsins vegna B-stigs og C-stigs er viðtal tveggja matsmanna með umsækjanda. Það er undir umsækjandanum komið hvort hann samþykkir fleiri áheyrndur, sé þess óskað.

Viðtalið hefst á stuttri kynningu umsækjanda á sjálfum sér og helstu verkefnum sem hann/hún hefur komið að. Spurningar matsmanna byggja á umsóknargögnum, sjálfsmati, niðurstöðu úr prófi og skýrslu umsækjandans. Þær geta falið í sér:

- Sannprófun á staðhæfingum í skjölum sem lögð hafa verið fram
- Athugun á hugsanlegu ósamræmi og/eða styrkleikum eða veikleikum í þekkingu og reynslu umsækjanda
- Almenn hæfni umsækjanda við stjórnun verkefna

### Markmiðið með viðtalinu:

**B stig:** að umsækjandi fylgi prófi og verkefnaskýrslu eftir og svari hugsanlegum fyrirspurnum matsmanna. Viðtalið tekur um 1-2 klukkustundir.

Vegna viðtals á B-stigi er ekki ætlast til þess að umsækjandinn komi með sérstaklega undirbúinn fyrirlestur til þess að kynna verkefnið, heldur er öll umfjöllun um verkefnið á þeim nótum að

## ICB 4 Handbók umsækjenda – Applicants handbook

---

matsmenn og umsækjandi ræða saman. Matsmenn munu síðan ræða við umsækjanda um verkefnið, framvindu þess, forsendur, umhverfi og markmið.

Matsmenn munu leggja sérstaka áherslu á þátt umsækjanda við framkvæmd verkefnisins sem skýrslan fjallar um, þ.e. hlutverk og ábyrgð. Þeir munu ekki leggja áherslu á stærð verkefnisins, heldur leita eftir hæfni umsækjandans sem verkefnisstjóra með því að líta á framlag hans/hennar til verkefnisins.

Eftir viðtalið bera matsmenn saman bækur sínar og birta umsækjandanum niðurstöðu sína í kjölfarið.

**C stig:** að umsækjandi fylgi verkefnalýsingum, prófi og skýrslu eftir og svari hugsanlegum fyrirspurnum matsmanna. Viðtalið tekur um eina klukkustund.

Vegna viðtals á C-stigi er ekki ætlast til þess að umsækjandinn komi með sérstaklega undirbúinn fyrirlestur, heldur munu matsmenn ræða við umsækjanda um þau verkefni sem liggja að baki skýrslunni, framvindu þeirra, forsendur, og reynslu umsækjandans.

Matsmenn munu leggja sérstaka áherslu á þátt umsækjanda í verkefnunum, þ.e. hlutverk og ábyrgð. Leitað verður eftir hæfni umsækjandans sem verkefnisstjóra með því að líta á framlag hans/hennar til verkefnisins.

Eftir viðtalið bera matsmenn saman bækur sínar og birta umsækjandanum niðurstöðu sína í kjölfarið.

**ICB 4 Handbók umsækjenda – Applicants handbook****ENDURGJÖF UM VOTTUNARFERLIÐ – APPLICANTS FEEDBACK**

Til þess að bæta vottunarferlið þætti VSF ávinnur í því að fá endurgjöf um vottunarferlið að því loku.

Dags: \_\_\_\_\_

IPMA stig: \_\_ Viðfangssvið \_\_\_\_\_

Nafn (valkvætt): \_\_\_\_\_

Viðmið	Mat					
	5	4	3	2	1	ÁEV
5 = Mjög ánægð/ur; 4 = Ánægð/ur; 3 = Hvorki né; 2 = Óánægð/ur 1 = Mjög óánægð/ur; NA = Á ekki við						
<b>Umsókn</b>						
Samskipti mín við skrifstofu VSF voru þægileg						
Leiðbeiningar VSF voru skýrar						
Samskipti VSF við mig voru skýr og fagmannleg						
Ég var ekki í vafa um hvaða vottunarstig ég átti að sækja um						
<b>Próf</b>						
Leiðbeiningar umsjónarmanns prófsins voru skýrar						
Spurningarnar í prófinu voru skýrar						
Erfiðleikastig prófaspurninga hæfði IPMA stiginu sem ég sótti um						
Prófblöðin voru vel upp sett						
Aðstæður á prófstað voru fullnægjandi						
<b>Verkefnastofa</b>						
Á ekki við hjá VSF						
<b>Skýrsla</b>						
Leiðbeiningar við gerð skýrslu voru fullnægjandi						
Skýrsluskrifin voru gott tækifæri til þess að sýna færni mína						
Skýrslan gaf mér tækifæri til þess að lýsa stjórnunarstíl mínum						
<b>Viðtal / Auka viðtal</b>						
Spurningar matsmanna voru skýrar						
Spurningarnar hjálpuðu mér við að sýna leikni mína og færni						
Aðstæður á viðtalsstað voru fullnægjandi						
Framkoma matsmanna í minn garð var sanngjörn og óhlutdræg						

<b>Viðbótar athugasemdir / tillögur til úrbóta</b>
<b>Umsókn</b>
<b>Próf</b>
<b>Vinnustofa. Á ekki við hjá VSF</b>
<b>Viðtal / Auka viðtal</b>

Aðrar athugasemdir / tillögur